

Reykjavík, 23. febrúar 2022

*Til aðildarfyrirtækja SVP – Samtaka verslunar og þjónustu*

## BOÐUN AÐALFUNDAR SVP – SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Með bréfi þessu er boðað til aðalfundar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu hinn 17. mars 2022 kl. 08:30 í fundarsalnum Hyl, Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Ræða formanns SVP
2. Skýrsla stjórnar SVP fyrir liðið starfsár
3. Reikningar SVP fyrir liðið reikningsár
4. Tillaga stjórnar um staðfestingu aðalfundar á samkomulagi stjórna BÍlgreinasambandsins og SVP um sameiningu samtakanna
5. Tillaga stjórnar um sameiningu BÍlgreinasambandsins og SVP
6. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum SVP – Samtaka verslunar og þjónustu frá 26. maí 1999, með síðari breytingum
7. Lýst kosningu meðstjórnenda í stjórn SVP
8. Lýst tímabundinni setu meðstjórnanda tilnefndum af stjórn BÍlgreinasambandsins í stjórn SVP starfsárið 2022/2023
9. Lýst kosningu í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins
10. Kosning löggilts endurskoðanda SVP
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál

Nánar um einstaka dagskrárlíði:

*Um 2. dagskrárlíði*

Skýrsla stjórnar SVP verður gerð aðgengileg á vefsvæði SVP fyrir fundinn. Á fundinum verður gerð grein fyrir helstu atriðum skýrslunnar.

*Um 3. dagskrárlíði*

Reikningar SVP fyrir reikningsárið 2021 munu liggja fyrir á skrifstofu SVP aðildarfyrirtækjum til skoðunar frá með 10. mars 2022. Á fundinum verður gerð grein fyrir efni þeirra.

*Um 4. og 5. dagskrárlíði*

Stjórnir BÍlgreinasambandsins og SVP hafa gert með sér samkomulag um sameiningu samtakanna (sjá fylgiskjöl). Í aðalatriðum hefur það í för með sér að frá og með 1. apríl 2022 verði BÍlgreinasambandið sérgreinafélag innan SVP og aðildarfyrirtæki BÍlgreinasambandsins verði aðildarfyrirtæki SVP og Samtaka atvinnulífsins. Framkvæmdastjóri BÍlgreinasambandsins verður starfsmaður skrifstofu SVP.

SVÞ munu þar með taka ábyrgð á málefnavastarfi sem öðru starfi á vettvangi sambandsins. Sérstöðu Bílgreinasambandsins verður gætt á vettvangi SVÞ. Þá eru málefni sem snerta eignir og tekjur Bílgreinasambandsins vegna séreigna ávörpuð og stuðlað að því að tekjur SVÞ af aðildargjöldum og framlagi Bílgreinasambandsins til samtakanna tryggi skrifstofu SVÞ möguleika á að annast málefnavastarfi Bílgreinasambandsins af metnaði og alúð.

Til fullgildingar á sameiningu Bílgreinasambandsins og SVÞ leggur stjórn SVÞ til að aðalfundur staðfesti samkomulag stjórnna samtakanna um sameiningu og formlega tillögu um samningu samtakanna.

#### *Um 6. dagskrárlíð*

Stjórn SVÞ leggur til fjórar efnislegar breytingar á samþykktum SVÞ frá 26. maí 1999, með síðari breytingum:

1. Lagt er til að hámarksárgjald skv. 3. mgr. 9. gr. verði 1.600.000 kr. í stað 1.400.000 kr. Hámarksíðgjald er óbreytt frá árinu 2015 og hefur rýrnað að raungildi. Svo stuðla megi að sjálfbærum rekstri SVÞ þykir tímabært að leggja til hækkun. Tillagan orðast svo: Í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.400.000“ í 3. mgr. 9. gr. komi: kr. 1.600.000.
2. Lagt er til að stjórn SVÞ verði heimilt að boða aðalfund samtakanna með rafrænum hætti (t.d. með útsendingu fundarboðs í Outlook) í stað bréflegrar boðunar skv. 1. másl. 1. mgr. 12. gr. Grundvallast tillagan á sjónarmiðum um hagkvæmni, skilvirkni og nútímaleg vinnubrögð. Tillagan orðast svo: Á eftir 1. másl. 1. mgr. 12. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er stjórn heimilt að ákveða að boða aðalfund með rafrænum hætti, t.d. með útsendingu rafræns fundarboðs.
3. Sem hluti af samkomulagi stjórnna Bílgreinasambandsins og SVÞ um sameiningu samtakanna er lagt til að stjórnarmönnum SVÞ verði tímabundið fjölgað um einn starfsárið 2022/2023 og stjórn Bílgreinasambandsins verði heimilað að tilnefna áttunda stjórnarmann SVÞ það ár. Til mótvægis er gert ráð fyrir að atkvæði formanns SVÞ telji tvöfalt falli atkvæði að jöfnu á vettvangi stjórnar. Að formi til kveður tillagan á um að ákvæði til bráðabirgða þessa efnis verði bætt við samþykktirnar. Orðalag tillögunnar má sjá í 1.–4. tölul. viðauka II í fylgiskjölum.
4. Sem hluti af samkomulagi stjórnna Bílgreinasambandsins og SVÞ um sameiningu samtakanna er lagt til að við gerð atkvæðaskrár vegna aðalfundar SVÞ 2023, við áramótin 2022/2023, skuli hækka hverja krónu greiddra árgjalda aðildarfyrirtækja Bílgreinasambandsins á árinu 2022 sem nemur hlutfalli þess hluta ársins 2022 sem líðinn var áður en sameining BGS og SVÞ kom til framkvæmda af árinu í heild. Stuðlar tillagan að jafnræði aðildarfyrirtækja SVÞ m.t.t. atkvæðavægis á næsta aðalfundi eftir sameiningu Bílgreinasambandsins og SVÞ. Orðalag tillögunnar má sjá í 7. tölul. viðauka II í fylgiskjölum.
5. Í samhengi við tillögu um sameiningu Bílgreinasambandsins og SVÞ er lögð fram tillaga um að sambandið teljist sjálfkrafa sérgreinafélag innan SVÞ. Orðalag tillögunnar má sjá í 5. tölul. viðauka II í fylgiskjölum.
6. Í samhengi við tillögu um sameiningu Bílgreinasambandsins og SVÞ er lögð fram tillaga um að aðildarfyrirtæki Bílgreinasambandsins verði sjálfkrafa aðildarfyrirtæki SVÞ og Samtaka atvinnulífsins. Orðalag tillögunnar má sjá í 6. tölul. viðauka II í fylgiskjölum.

#### *Um 7.–9. dagskrárlíði*

Til samræmis við ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 14. gr. sbr. 2. mgr. 15. gr. samþykktá SVP skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára á aðalfundi SVP 2022, þ.e. kjörtímabilið milli aðalfunda 2022 og 2024.

Stjórnarmaður sem var kosinn meðstjórnandi í stjórn SVP til tveggja ára á síðasta aðalfundi hefur tilkynnt að hún gangi úr stjórn samtakanna á aðalfundi 2022. Í samræmi við ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. samþykktá SVP ber að kjósa nýjan stjórnarmann í hennar stað á næsta aðalfundi til eins árs.

Kjörnefnd SVP 2022 yfirfer framkomin framboð til stjórnar SVP og fulltrúaráðs Samtaka atvinnulífsins. Framboðsfrestur rennur út í dag, 23. febrúar 2022. Berist nefndinni fleiri en fjögur framboð til stjórnar SVP eða fleiri framboð til fulltrúaráðs Samtaka atvinnulífsins en sem nemur fulltrúasætum SVP munu kjörgögn væntanlega verða senda aðildarfyrirkjómum 24. eða 25. febrúar 2022. Kosningarnar verða rafrænar og er áætlað að þær hefjist 28. febrúar 2022 og þeim ljúki 15. mars 2022 kl. 12:00.

Til samræmis við tillögur 5. og 6. dagskrárliða verður lýst tímabundinni setu meðstjórnanda tilnefndum af stjórn BÍlgreinasambandsins í stjórn SVP starfsárið 2022/2023.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Jón Ólafur Halldórsson  
formaður

Fylgiskjöl:

*Samkomulag stjórnar BÍlgreinasambandsins og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um sameiningu samtakanna ásamt viðaukum, annars vegar undirritað af stjórn SVP og hins vegar af stjórn BÍlgreinasambandsins.*